



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hraunborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1 Innra og ytra mat leikskólans 2023-2024.....	4
1.1.1 Innra mat	4
1.1.2 Ytra mat	6
2 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
3 Innra mat Þrastalands 2023 - 2024	9
4 Innra mat Spóalands 2023 – 2024.....	12
5 Innra mat Lóulands 2023 - 2024.....	16
6 Innra mat sérkennslu 2023 - 2024.....	20
7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	22
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
10 Foreldrasamvinna.....	26
11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
12 Fylgiskjöl	27
12.1 Leikskóladagatal 2024 - 2025.....	28
12.2 Umsögn foreldraráðs	29





Leiðarljós leikskólans

Leikur, læsi og lífsgleði.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Við hér í Hraunborg göngum sátt frá þessu skólaári, við höfum áorkað miklu og flest okkar markmið hafa staðist, þó að við viljum alltaf gera betur. Umbótaþættirnir okkar gengu vel og erum við stolt af þeirri vinnu sem fram fór síðast liðið skólaár. Fyrir utan umbótaþættina okkar þá voru hin hefðbundu verkefni sem snuru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi á sínum stað.

Haustið fór nokkuð vel af stað hjá okkur, með nokkra nýliða sem lærðu smátt og smátt inn á verkefnin sem tilheyra starfinu. Aðlögun á milli deilda hófst í lok ágúst og í kjölfarið hófst aðlögun nýrra barna. Aðlögunin gekk vel og náðum við að fylla í öll laus pláss þegar líða tók á haustið. Í nóvember komu í ljós raka- og mygluskemmdir á suðurhlið hússins og hófust framkvæmdir um miðjan desember og þeim lauk um miðjan maí. Allt starfsfólk leikskólans á skilið stórt hrós fyrir sveigjanleika, þrautseigju, aðlögunarhæfni og jákvæðni.



Umbótaþættir okkar fyrir næsta skólaár verða að endurmeta skólanámskránna okkar en þar mun allur starfsmannahópurinn koma að þeirri vinnu með einum eða öðrum hætti. Einnig ætlum við að halda 2 fagfundí á önn þar sem fagfólk gefst kostur á að koma saman og ræða ýmis mál sem tengjast faglega starfinu okkar. Að lokum ætlum við að auka við innra matið okkar og vera með meira myndraent mat, þar sem börnin fá tækifæri á að taka myndir af því sem finnst skemmtilegt að gera og líka því sem þeim finnst minna skemmtilegt.

Í sumar ætlum við að leggja áherslu á lestur fyrir öll börnin í leikskólanum. MML kom og var með fræðslu fyrir okkur í byrjun júní um lestur fyrir börnin og ætlum við að hafa sumarlestrarbingó þar sem börnin velja hvar og hvernig á að lesa í hvert sinn. Starfsmenn merkja svo inn á bingóspjaldið þegar búið er til dæmis að lesa úti í náttúrinni, undir stóru tré eða jafnvel undir borði.

Leikskólastjóri hefur tekið þátt í að halda utan um lærðómssamfélag leikskólastjóra, haldið áfram vinnu tengda lýðheilsustefnu Breiðholts, ásamt því að sitja í öryggisnefnd SFS. Einnig hefur mikill tími farið í fræðslu, innleiðingu og vinnu við farsældarlögin.





Við horfum björtum augum til næsta skólaárs, ekki er fyrir séð að miklar mannabreytingar verði hjá okkur og áhersluþættir leikskólans eru skýrir. Aðaláherslan verður á umbótahættina okkar ásamt því að við höldum áfram að leggja áherslu á sköpun og félagsfærni.

1.1 Innra og ytra mat leikskólans 2023-2024

1.1.1 Innra mat

Innra mat fór að mestu fram á stjórnendateymisfundum og deildarfundum. Allt starfsfólk leikskólans tók þátt. Niðurstöður voru mjög misjafnar, sumt gekk vel en annað ekki.

Hvað var metið?	<u>Upplýsingaflæði til foreldra</u>
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendateymisfundi og á deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Höfum staðið okkur mjög vel í að koma upplýsingum til foreldra en getum þó alltaf gert betur

Hvað var metið?	<u>Barnafundir</u>
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendateymisfundi og á deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Barnafundir hafa gengið mjög vel og eru orðnir fastir liðir í starfinu.

Hvað var metið?	<u>Könnunaraðferðin</u>
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendateymisfundi og á deildarfundum á tveimur eldri deildunum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi og starfsfólk á tveimur elstu deildunum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Byrjuðum með könnunaraðferðina í janúar og það gekk mjög vel. Börnum og starfsfólk fannst þetta mjög skemmtilegt og fjölbreytt. Munum klárlega byrja í september á næsta skólaári þar sem við erum búin að æfa okkur.





Hvað var metið?	Flæði
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendateymisfundi.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymið
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þetta gekk ekki nógum vel hjá okkur. Þurfum að fá frekari fræðslu um á hverju flæði byggist, hugsuninni á bak við það hvað er flæði. Ætlum aðeins að bíða með að hafa þetta sem umbótapátt aftur.

Hvað var metið?	<u>Deildarfundir</u>
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á stjórnendateymisfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymið.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Deildarfundir gengu mjög vel. Ef fundur féll niður þá var það á ábyrgð viðkomandi deildarstjóra að finna nýjan fundartíma og það tókst mjög vel.

Hvað var metið?	<u>Börnin meta starfið</u>
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum og stjórnendateymisfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þetta gekk ekki nógum vel. Á næsta skólaári ætla deildarstjórar að vera búnir að prenta út broskallamerkingar fyrir þá þætti sem á að meta og skrifa það í dagbók deildarinnar þannig að allir starfsmenn beri ábyrgð á því að þetta sé gert.





1.1.2 Ytra mat

Hvað var metið?	<u>Starfsmannakönnun</u>
Hvernig fór matið fram?	Starfsmenn fengu sendan hlekk í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	7 starfsmenn af 20 tóku þátt
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Yfirhöfuð voru þeir starfsmenn sem svöruðu ánægðir í starfi. Þau atriði sem koma verst út eru atriðið sem erfitt er fyrir okkur að laga án utanaðkomandi aðstoðar eins og t.d. í sambandi við hljóðvist, lýsingu, launakjör, loftgæði og vinnu- eða skrifstofurými. Flest allt sem viðkemur mannlega þættinum kemur vel út eins og t.d. líðan, stuðningur, skýr stefna og sveigjanleiki.

Hvað var metið?	<u>Útskrift elstu barnanna í júní 2024</u>
Hvernig fór matið fram?	Foreldrar fengu senda könnun í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Foreldrar 7 barna af 10 svöruðu og voru þeir allir ánægðir með útskriftarathöfnina, veitingarnar og tímasetningu en þetta voru þættir sem spurt var út í. Einnig voru foreldrar ánægðir með að útskriftin væri í júní en ekki í ágúst.





2 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun	
Umbótaþáttur	Endurmat á skólanámskránni okkar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ætlum að búa til sér kafla um leikinn og hlutverk kennara (starfsmanna) í leik barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendateymið mun hittast og skoða vel þær breytingar á aðalnámskránni sem hafa orðið og vinna í sameiningu að nýjum kaflaskrifum um leikinn og hlutverk kennara. Þegar það er tilbúið að þá verður þetta lagt fyrir starfsmannahópinn.
Ábyrgð	Stjórnendateymið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við erum aðeins byrjuð en við ætlum að vera búin með þetta fyrir 1.janúar 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Við munum hittast á sérstökum fagfundum þar sem við metum hvernig okkur gengur, einnig munum við nýta stjórnendateymisfundina til að meta.
Viðmið um árangur	Ef okkur tekst að klára þetta fyrir 1.janúar 2025 þá höfum við náð markmiðinu.

Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur	Fagfundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Tvisvar á önn ætlar fagfólk leikskólans að hittast utan vinnutíma og ræða ýmis mál sem tengjast fagstarfinu okkar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við verðum búin að setja niður fasta fundartíma fyrir veturinn
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjum í haust og klárum í vor
Hvenær og hvernig á að meta?	Í byrjun janúar munum við meta hvernig hefur gengið á haust önninni.
Viðmið um árangur	Ef okkur tekst að halda þessa fundi og vera með skipulagða dagskrá fyrir fundina og halda okkur við efnið þá ættum við að klárað að endurmeta skólanámskrána okkar fyrir áramót.





Innra mat	
Umbótaþáttur	Myndrænt mat
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin fái tækifæri á að taka myndir af því sem þeim finnst skemmtilegt að gera í leikskólanum og líka af því sem þeim finnst minna skemmtilegt.
Aðgerðir til umbóta	Að börnin hafi greiðan aðgang að myndavél
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Þetta verður metið á deildarfundum og á barnafundum með því að skoða hvaða börn eru búin að taka myndir og hvað börn eiga eftir að taka myndir. Einnig að spjalla við börnin um það af hverju þeim finnst eitthvað ákveðið skemmtilegra en annað.
Viðmið um árangur	Að öll börnin eigi myndir í ferilmöppunni sinni af því sem þeim finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum.





3 Innra mat Þrastalands 2023 - 2024

Hvað var metið?	Málörvun
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram á deildarfundum, TRAS skráningar voru skoðaðar, Hvar stend ég? verkfæri notað í vor
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Málörvun fór fram í hópastarfi og í daglegu starfi en ekkert ákveðið þema. Gefðu 10 verkfærið var mikið notað fyrir fjöltyngd börn og börn með minni málfærni

Hvað var metið?	Skipulagðar hreyfistundir
Hvernig fór matið fram?	Mánaðarlega á deildarfundum, vikulegar skráningar hópastarfsins í veturn
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Hreyfistundir voru skipulagðar og undirbúnar áður en börnin mættu í salinn. Börnin lærðu að fara í einfalda röð og almennt var meiri agi í hreyfistundum. Á tímabili desember - apríl voru hreyfistundir á deild vegna framkvæmda í leikskólanum.

Á deildinni voru fjórir starfsmenn og einn stuðningsfulltrúi. Mikil starfsmannavelta var á Þrastalandi síðasta veturn. Aðlögun hófst í lok ágúst og stóð fram í október. Á Þrastalandi voru 15 börn á aldrinum eins til þriggja ára.



Samstarf við foreldra var mjög gott og samskipti starfsfólks og foreldra ágæt. Tvö foreldraviðtöl voru yfir veturninn, eitt í nóvember og annað í mars. Vikupóstur var sendur einu sinni viku til foreldra í tölvupósti og einnig á Facebook síðu deildarinnar. Myndir úr leik og starfi voru

birtar að minnsta kosti einu sinni í viku í Völu-appi.

Hópastarf hófst í október og börnunum var skipt í fjóra hópa óháð aldri. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að leika saman í hóp.





Börnin hafa alltaf frjálsan aðgang að bókum. Í söngstund eru alltaf tveir söngstjórar og fá þeir að taka þátt í að stjórna söngstund í viku í senn. Börnin velja hvaða lög eru sungin og fá stundum að stjórna handbrúðum sem passa við löginn. Börnin fá líka að velja hvaða leikföng eru í boði í frjálsum leik. Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf úr, bæði í útiföt og inniföt og miklar framfarir hafa orðið með tímanum. Þau þvo sjálf hendur eftir útiveru og einnig þvo þau hendur og munn með þvottastykki eftir matartíma. Samkvæmt Jákvæðum aga er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir börnin til að hafa hlutverk, þannig finna þau að þau séu mikilvægur hluti af heildinni og að þau skipti máli, þetta eflir einnig sjálfstæði þeirra. Út frá þessu fengu börnin hlutverk í leikskólanum: myndastjóri, tveir vagnstjórar, tveir söngstjórar og veðurfræðingur. Nýju hlutverki var síðan bætt við: bókaormur.

Við málörvun var stuðst við kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“, önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman. Pennan vetur var haldið áfram með verkefnið Gefðu 10. Þó þetta verkefni sé ætlað sérstaklega til þess að auka samtal og samskipti við fjöldyngd börn, var það notað fyrir flest börn deildarinnar.



Einu sinni í viku eru málörvunarstundir hluti af hópastarfi, tvívar á dag eru söngstundir og sögustundir í litlum hóp eru daglega. Auk þess sem tíminn eftir hvíld er vel nýttur í lestur og spjall. Einu sinni mánuði var farið á bókasafnið í Gerðubergi þar sem var lesið fyrir börnin. Að vori byrjuðu svo reglulegar vettvangsferðir í nánasta umhverfi leikskólans.

Barnafundir voru fastur hluti af hópastarfi frá byrjun annar og þeir voru haldnir einu sinni í viku. Á þrástalandi snúast

barnafundir um að æfa sig að sitja í hring og hlusta á hvert annað.

Einnig voru verkefni úr Verkfærakistu KVAN unnin á barnafundum.

Í veturnar var áfram unnið að ferilmöppum barnanna. Í þær fer ymislegt sem við kemur þroska og námi barnanna.

Útiveran var tvívar á dag. Í aðlöguninni var útivera eingöngu í litla garðinum en seinna var stóri garðurinn mikið notaður. Börnin fengu einnig tíma í fataherberginu til þess að æfa sig að klæða sig sjálf. Þessi tími tvinnast inn í hópastarfið, þau læra heilmikið og eflast við þetta.





Í heildina gekk starfið mjög vel, gagnkvæm virðing ríkti milli allra starfsmanna. Allir starfsmenn voru með sama markmið að láta starfið ganga vel fyrir sig. Unnið var að því að kenna börnunum frumkvæði, sjálfshjálp og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og taka virkan þátt í leik og starfi. Starfsmenn munu halda áfram að sýna börnunum ómælda umhyggju og hvetja þau áfram í að verða sjálfstæðir einstaklingar.

Styrkleikar

- gott skipulag á deildinni
- starfsfólk deildarinnar mjög virkt í leik barnanna
- virk hlustun og málörvun í daglegu starfi

Tækifæri

- sjónrænt dagskipulag í daglegri notkun
- markviss málörvun á deildinni
- skipulagðar hreyfistundir

Deild/aldur barna	Þrastaland/1-3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Myndrænt mat - innra mat
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Fylgjast betur með þróun leiks barna
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • einstaklingsmiðað mat: færni barns í daglegum athöfnum, hvernig barn unir sér í leik, áhugasvið barns • hópmiðað mat: þróun leiks í barnahóp, þátttaka og samskipti barna í leik
Ábyrgð	Starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust - vor
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none"> • deildarfundir • undirbúningur starfsfólks
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markvissar og sjáanlegar skráningar





4 Innra mat Spóalands 2023 – 2024

Í haust voru 23 börn á Spóalandi og fimm starfsmenn en eftir áramót fækkaði börnunum um eitt og um einn starfsmann. Spóalandi var breytt í miðdeild í haust og fóru mörg börn frá okkur yfir á Lóuland og það komu nokkur þaðan yfir til okkar. Þ.a.l. komu öll börn frá Þrastalandi nema eitt til okkar. Aðlögun gekk vel á milli deilda og fylgdi starfsfólk Þrastalands börnunum í þrjá daga. Einn starfsmaður á Spóalandi var með skipulagðar málörvunarstundir í eina og hálfa



klukkustund á dag fyrir þau börn sem þurftu á því að halda. Starfið gekk vel, hópastarfið byrjaði í september og var börnunum skipt í fjóra hópa. Barnafundir voru einu sinni í viku hjá öllum hópum, við fórum í Lubbastundir, Verkfærakistu KVAN, könnunarleik með yngri börnum og könnunaraðferð með eldri börnunum. Farið var í Listaberg einu sinni í viku en í desember duttu hreyfistundir niður hjá

öllum vegna framkvæmda. Við lásum fyrir börnin á morgnanna, söngstundir voru fyrir hádegismat og svo fyrir drekkutíma voru sagðar sögur, lesið og sungið. Markmiðið var að fara út tvisvar á dag og skiptum við barnahópnum í tvennt, fóru yngri börnin út fyrir hádegi og eldri eftir hádegi. Allir fóru svo út seinni partinn og var skilað úti.



Foreldrasamstarf gekk vel og var nýjum foreldrum boðið upp á viðtal að hausti og svo öllum í mars og nýttu foreldrar sér það.

Það voru skipulagðar málörvunarstundir fyrir þau börn sem það þurftu í veturn og gengu þessar stundir mjög vel. Við heimsóttum bókasafnið í Gerðubergi nokkrum sinnum þar sem starfsmaður bókasafnsins tók á móti okkur og var með lestrarstund fyrir börnin. Einnig fórum við 1x í viku í vettvangsferðir um hverfið okkar.





Hvað var metið?	<u>Börnin hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum</u>
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Við hefðum mátt vera duglegri að hvetja börnin til að tjá sig t.d. á barnafundum. Börnin voru frekar feimin og lítil í sér en þau voru flest til í að standa upp fyrir framan hópinn og syngja. Við munum halda áfram að hvetja börnin að tjá sig og nota opnar spurningar þegar við erum að tala við þau.

Hvað var metið?	<u>Ferilmöppur</u>
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Einn starfsmaður deildarinnar tók þetta að sér og gekk mjög vel. Ætlum að halda þessu verklagi áfram á næsta skólaári.

Styrkleikar

- Nýttum rýmin vel og börnunum skipt í smærri hópa.
- Töluðum við börnin og settum orð á athafnir.
- Barnafundir vikulega þar sem mikið var rætt um vináttu, ofurhetjur og að vera góður. Með yngri börnunum sögðu þau hvað þau heita.
- Tókum vel á móti börnunum þegar þau mættu og kvöddum þau í lok dags.
- Grípum börnin góð og hrósuðum þeim.

Tækifæri

- Hafa hvern hópastarfshóp saman, skipta hópunum og nota öll þau rými sem eru í boði.
- Hafa sjónrænt dagskipulag virkt upp á vegg fyrir hádegi og á spjaldi eftir hvíld og fara á milli barnanna og sýna þeim.





Umbótaáætlun	Spóaland/ 2-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samvera- málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að val á lögum og bókum í samveru tengist orðaforðaþemu mánaðarins. Að vinna myndrænt með sönglög í samvinnu með barnahópnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa börnin hópaskipt eftir getu í sögustundum og hafa bók sem hæfir þeirra getu. Samverustundir fyrir hádegismat og fyrir drekkutíma tvískiptar. Í söngstundum hafa t.d. 5 lög sem lögð er áhersla á að læra, þung lög og létt. Leggja áherslu á að lögin séu tengist þemu mánaðarins.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	12. júní 2024 – júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fyrsti deildarfundur í september, í nóvember, febrúar, apríl og júní. Ræða hvernig hefur gengið, hvað má betur fara og hvað gengur vel. Viðtöl við börn, skráningar eftir vikuna hvernig hefur gengið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Pátttaka barna í söngstund aukist. Orðaforði í lögum sé myndrænn og aðgengilegur fyrir barnahópinn

Umbótaáætlun	Spóaland/ 2-4 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Pátttaka starfsfólks í leik barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sjá þróun leiksins hjá börnunum. Að þau verði sjálfstæðari í leiknum, þau geti leyst deilur sín á milli. Styrkja börnin í notkun tungumálsins í leik og samskiptum við aðra. Að börnin verði sjálfstæðari einstaklingar, geti tjáð sig á áhrifaríkan hátt og átt í góðum samskipum sín á milli.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota örvaskráningar með rauðum og bláum lit. Vera á gólfínu hjá börnunum eða sitja í stól í lægstu stöðu (hæð barnanna). Vera til staðar, taka þátt, virk hlustun, leiðbeina o.s.frv.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Strax og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á deildarfundum, farið yfir skráningar sem hafa verið gerðar. Taka myndir af börnunum í leik.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin hafi dýpkað leikinn eftir því sem líður á veturninn og að þau nái meira flæði í leik. Þau verði sjálfstæðari í leiknum, finni samkennd með öðrum og hjálpist að. Að þau leiki saman og hjálpist að.





5 Innra mat Lóulands 2023 - 2024

Á Lóulandi voru 25 börn og fjórir starfsmenn á síðastliðnu skólaári. Börnin á deildinni voru á aldrinum 4ra til 6 ára. Haustið 2023 var aldurskiptingu á deildum breytt og Lóuland var eingöngu með börn á aldrinum 4ra-6 ára.

Foreldrasamstarfið var gott yfir heildina, reynt var að skapa samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtölin voru bæði fyrir og eftir áramót, einnig höfðu foreldrar tækifæri á að biðja um auka viðtal ef þau óskuðu þess. Upplýsingar til foreldra voru aðallega munnlega, í gegnum tölvupóst og Facebook síðu deildarinnar. Vikupóstar voru sendir í tölvupósti en einnig birtir á Facebook síðunni þar sem myndum úr starfinu var bætt við.

Hópastarfið byrjaði í september. Hóparnir voru þrír og var hópunum skipt eftir aldri barnanna. Aðallega var unnið með málbeinið hans Lubba. Einnig var unnið með Verkfærakistu KVAN, könnunaraðferðina, sögugrunn og hreyfistundir.

Um haustið hófust skipulagðir íþróttatímar í samstarfi við ÍR. Sú breyting varð að í staðinn fyrir að við



færum í íþróttahúsið í Austurbergi að þá kom kennarinn í leikskólann og var með hreyfistundir hér. Þetta reyndar breyttist aðeins þegar framkvæmdir voru við leikskólann en þá fórum á tímabili í Austurberg.

Barnafundir; markmiðið var að fara tvisvar sinnum í viku með eldri börnunum og einu sinni með yngri börnunum og tókst það vel. Á fundum lærðu börnin að hrósa hvert öðru, þau kynntu sig og sögðu frá sjálfum sér. Nýttum barnafundina líka mikið í að ræða

um vináttu og mikilvægi hennar.

Börnin fá hlutverk á deildinni. Hlutverkin eru þjónn vikunnar, bókaormur, endurvinnslustjórar, dýnustjóri og söngstjóri. Börnin sinna hverju hlutverki í viku í senn og svo rúllar listinn svo allir fá jöfn tækifæri til þess að sinna þessum hlutverkum.

Deildin var dugleg að fara í vettvangsferðir. Þar var til dæmis farið á bókasafnið þar sem var skipulögð lestarstund, í Elliðaárdalinn, á ærslabelg, og kóngulóarvef og fleira. Skólahópur fór í fleiri skipulagðar ferðir. Einnig tóku elstu börnin þátt í barnamenningaráðháttíðinni, tókst það mjög vel og allir skemmtu sér mjög vel.





Yfir heildina gekk samstarfið á deildinni vel og á milli starfsfólks var virðing og traust. Starfsfólk Í lagði áherslu á að hver og einn færi eftir deildarskipulaginu, ynni sjálfstætt og hefði yfirsýn yfir það sem þyrfti að gera til að allt gengi vel á deildinni.

Umbótapættir síðasta skólaárs gengu misvel, Gefðu 10 gekk ágætlega en starfsfólk var samt ekki nágu duglegt að skrá niður. Ferilmöppurnar gengu mun betur en áður og var unnið með þær jafnt og þétt yfir skólaárið.

Á næsta skólaári ætlum við að einbeita okkur að málörvun í daglegu starfi, efla tengslamyndum og auka samskipti starfsmanna við börnin. Einnig ætlum við að bæta við innra matið okkar og leyfa börnunum að taka þátt í myndrænu mat.

Hvað var metið?	Gefðu 10
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Hefðum getað gert betur í skrá niður þær mínútur sem við gáfum hverju barni. Skipulagið var gott en það vantaði eftirfylgnina.

Hvað var metið?	Ferilmöppur
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk deildarinnar
Helstu niðurstöður mats	Tókst mun betur að setja verkefni í möppurnar þetta skólaárið. Starfsfólk var duglegt að minna hvort annað á að setja verkefni í möppur barnanna.

Styrkleikar

- Skipulagt hópastarf.
- Vellíðan í starfi.
- Samheldni í starfsmannahópnum.
- Hugmyndamiðlun á milli deilda.

Tækifæri

- Virk þátttaka starfsfólks í leik barna í útiveru.
- Þátttaka starfsfólks í leik með börnum á þeirra forsendum.
- Þróa læsi í víðum skilningi.
- Markvisst starf með námsefnið Lubbi finnur málbein.
- Skipulagðar hreyfistundir.
- Markviss vinna með texta í söngstundum.





Umbótaáætlun	Lóuland/ 4-6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun í daglegu starfi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla tengslamyndun og samskipti við börnin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Á deildarfundum ætlum við að mæla samskipti milli kennara og barna með KVAN mælingu. Út frá niðurstöðum munum við bæta sérstaklega samskipti og tengslamyndun á gólfí í gengum leik barnanna. Fylgjast með leik barnanna á gólfí. Styðja við þátttöku þeirra í leik. Kaupa þægileg sæti fyrir starfsfólk til að sitja í á gólfinu.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst strax í haust og er allt árið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið mánaðarlega á deildarfundum og stuðst við KVAN mælinguna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að niðurstöður KVAN mælinga sýni hvort markmiðum hafi verið náð.

Umbótaáætlun	Lóuland/ 4-6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Myndrænt mat barnanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að sjónarmið barnanna komi betur fram í innra mati leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í október og febrúar munu börnin meta starfið á deildinni með því að taka myndir af því sem þeim finnst skemmtilegt að gera og líka af því sem þeim finnst ekki eins skemmtilegt. Síðan verða myndirnar prentaðar út og umræður um myndirnar og reynt að komast að því af hverju sumt er ekki eins skemmtilegt og annað.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Þegar börnin eru búin að taka myndir og búið að prenta þær út þá setjumst við niður með þeim á barnafundi og ræðum málið og fáum að heyra þeirra álit. Eftir umræðurnar þá meta börnin verkefnið með broskallamerkingu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé betur meðvitað um það hvað börnunum finnst skemmtilegt að gera í leikskólanum og vera meðvitað um hvað mætti betur fara.





6 Innra mat sérkennslu 2023 - 2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og örðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Þrátt fyrir að sérkennslustjóra vantaði hluta úr ári gerði starfsfólk sérkennslunnar sitt allra besta til þess að skipuleggja sérkennsluna með góðum stuðningi frá ráðgjöfum Suðurmíðstöðvar. Öll börn sérkennslunnar voru með einstaklingsnámskrá. Reynt var eftir fremsta megni að mæta þörfum allra barna. Börn sem biggja stuðning töku eins mikið þátt og hægt var auk þess að fá einstaklingsþjálfun í sérkennslu. Við skráningu var helst notast við skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2, EFI-2 og færnimatslisti (Gráí listinn) frá Ráðgjafar og greiningarstöð
Hvaða námsefni var notað? Vorū t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis gögn voru notuð svo sem heimager efni, bækur, spil, verkefnablöð og öpp. Félagsfærnisögur, myndbands eftirherma (video modeling) og PECS.

Umbótaáætlun	Sérkennsla 2024-2025
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sérkennsluteymi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sérkennsla verður skipulögð í samvinnu við lausnateymi leikskólans, þar sem kortlagt er hvenær starfsmenn nýtast best inni á deildum og hvernig stuðningi við börn er háttað.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk sérkennslunnar fer eftir stundaskrá sem skipulögð er út frá þörfum barna og styrkleikum stuðningsstarfsfólks. Reglulegir fundir fagteymis sérkennslu gera það að verkum að góð yfirsýn næst yfir sérkennsluna. Stuttir vikulegir fundir verða haldnir á föstudögum þar sem farið er yfir stöðu mála. Sérkennslustjóri situr deildarfundi og gefur góð ráð og stuðning við almennt starfsfólk. Gætir þess að allir séu að vinna að sömu markmiðum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2024 og verður vonandi hluti af starfinu til frambúðar.





Hvenær og hvernig á að meta?	Umbótaþátturinn verður metinn í gegnum fundargerðir fagteymis sérkennslu og ígrundun sérkennslustjóra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk fylgir stundaskrám og nær þannig að nýtast sem best þeim börnum sem á þurfa að halda. Sérkennslustjóri fær góða yfirsýn.





7 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjölyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið þetta árið fór eingöngu í starfsmannakostnað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með gæða málörvun í daglegu starfi og Gefðu 10.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lesið er og sungið saman í daglegu starfi og hafa þau börn fengið markvissa málörvun. Inni í umbótaáætlun þessa árs ætlað leikskólinn að vinna með orðaforða þemu í hverjum mánuði og leggja inn beina orðaforða íhlutun út frá þeirri vinnu.
Er fylgst með framförum fjölyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirrammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Ætlum að nota Hæfniramma fyrir öll fjölyngd börn leikskólans og tryggja markvissari málörvun.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þáttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Starfsfólk er mjög meðvitað um mikilvægi allra þátta máls og læsис. Hlutverk kennara í leik barnanna er stór þáttur í umbótaáætlun þessa árs.

Umbótaáætlun	Fjöltyngei 2024 - 2025
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hæfnirrammar í íslensku fyrir fjölyngd börn í leikskóla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikskólinn mun nýta Hæfnirammana til þess að kanna stöðu fjölyngdra barna og skipuleggja markvissa málörvun út frá niðurstöðum. Sem og að allt starfsfólk sé meðvitað um stöðuna í stuðningi við leik barnanna í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kortleggja þarf hvaða börn eru fjölyngd og hversu lengi þau hafa verið í íslensku málumhverfi. Hæfnirammarnir eru fylltir út í framhaldi og áætlanir gerðar út frá því. Niðurstöður ræddar á deildarfundum og lausnir nýttar til að styðja við leik barnanna, í samskiptum við þau í daglegu starfi og við gerð áætlana fyrir markvissa málörvun.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2024 og lok júní 2025





Hvenær og hvernig á að meta?	Notkun Hæfnirammanna metin sem og áætlanir sem unnið verður eftir út frá Hæfnirömmunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að skimun á stöðu fjölyngdra barna verði stórlega bætt og unnið markvisst að því að bæta orðaforða og skilning barnanna í Íslensku.



8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Öllum starfsmönnum var boðið í snerpusamtöl á liðnu skólaári. Samtölin gengu mjög vel og er það upplifun leikskólastjóra að starfsfólki finnist betra að koma í stutt samtöl 2-3var á ári frekar en eitt langt.

- Allir starfsmenn sóttu skyndihjálparnámskeið
- Allir starfsmenn sátu námskeið hjá Fjólu um notkun snjallforrita í starfi með leikskólabörnum
- Þrír starfsmenn hafa sótt íslensku námskeið í Gerðubergi aðra hvora viku í allan vetur
- Allir starfsmenn fengu kynningu á breytingum á aðalnámskrá
- Einn starfsmaður sótti námskeið um íslenska þroskalistann og Smábarnalistann
- MML hefur komið og verið með fræðslu fyrir allt starfsfólkið um lestur fyrir börn og fræðslu um gæðamálörvun í starfi.
- Allir starfsmenn tóku þátt í Menntastefnumótinu
- Starfsmenn hafa nýtt sér námskeið á Torginu
- Allir starfsmenn tóku námskeið um kynferðisofbeldi
- Deildarstjórar og sérkennslustjóri hafa sótt námskeið í stjórnendaþjálfun
- Deildarstjórar hafa sótt fyrirlestra og fræðslu hjá menntavísindasviði
- Stjórnendateymið fékk fræðslu og aðstoð í sambandi við viðveru/fjarveru starfsmanna, Bradford kvarðann og leikskólastjóri fékk aðstoð við að undirbúa sig undir viðverusamtöl.



Á næsta skólaári munum við klárlega halda áfram að nýta okkur MML til að koma með fræðslu til okkar. Einnig ætlum við að fá fræðslu/námskeið um innleiðingu á Barnasáttmálanum. Við ætlum að taka næsta skref í flokkun og ætlum því að fá fræðslu um Grænu skrefin. Við munum fá fræðslu um flæði. Næsta veturn mun leikskólastjóri halda áfram að taka snerpusamtöl og byrja í október, annað samtal í febrúar og það þriðja í apríl. Í september mun einn deildarstjóri fara á AEPS og í sama mánuði mun einn starfsmaður fara á námskeið í íslenska þroskalistanum og Smábarnalistanum. Deildarstjórar og sérkennslustjóri munu halda áfram í stjórnendaþjálfun.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg héldu áfram samstarfi sínu og héldu sameiginlega sumarhátíð þann 12.júní. Allir hittust við Hólabrekuskóla, gengu í skrúðgöngu á Leiknisvöllinn undir blæstri Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts. Á Leiknisvellinum voru skemmtiatriði, afþreying og





kaffiveitingar í boði. Þetta tókst mjög vel að mati starfsfólks. Við erum búin að senda út könnun til foreldra og bíðum spennt eftir að sjá hvernig svörin koma út.

Samstarf við Hólabrekkuskóla, vegna mannabreytinga í Hólabrekkuskóla þá drögust heimsóknir þetta skólaárið á langinn. Börnin fóru í sína fyrstu heimsókn í janúar og fengu að skoða skólann undir leiðsögn starfsmanns skólans, síðan fóru þau út og fengu að leika á skólalóðinni. Í apríl fóru börnin í heimsókn í Álfheima þar sem þau fengu að leika sér og kynnast aðstöðunni þar. Um miðjan apríl fóru elstu börnin og tóku þátt í söng í salnum í Hólabrekkuskóla. Í maí fóru börnin að heimsækja skólann aftur og fóru börnin með starfsfólk leikskólans og sátu í kennslustund. Í maí þá fór deildarstjóri elstu barnanna og sérkennslustjóri á fund þar sem fram fór skil milli skólastiga. Einnig komu nemendur í 1.bekk tvívar í heimsókn til okkar, einu sinni í inniheimsókn og einu sinni í útiheimsókn.

Tónlistarskóli Sigursveins, elstu börnin okkar fóru í heimsókn í tónlistarskólann þar sem þau fengu að kynnast töfraheimi hljóðfæranna í kringum hið árlega samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.



Barnamenningarhátíðin, elsti árgangurinn í leikskólanum tekur alltaf þátt í opnunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin eru búin að æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna úr Reykjavík. Mikil ánægja var með verkefnið þetta árið en yfirskriftin í ár var Regnbogi meistarans – Spilverkið og Stuðmenn.

Borgarbókasafnið í Gerðubergi, öll börnin fara í skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið. Börnin kynnast bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir.



Samstarf við slökkviliðið, starfsmenn slökkviliðsins heimsóttu okkur í lok apríl til að fræða elstu börnin um eldvarnir, taka út eldvarnir í leikskólanum og passa að þær séu allar í lagi. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og til dæmis að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg.

Íþróttafélag Reykjavíkur – ÍR, þjálfari á vegum ÍR kemur í heimsókn einu sinni í viku í leikskólanum og er með skipulagðar hreyfistundir fyrir elstu börnin í leikskólanum, yfir vetrartímann.





10 Foreldrasamvinna

Það er öflugt foreldrafélag sem er starfandi við leikskólann. Það eru ýmsir viðburðir sem foreldrafélagið hefur séð um eða komið að í samvinnu við leikskólann. Foreldrafélagið var annað árið í röð með bingó fyrir páskana og fengu þau hátíðarsalinn í Hólabrekkuskóla lánaðan. Bingóið var vel sótt og vonandi er þessi viðburður kominn til að vera.

Þegar jólaball leikskólans var haldið sá foreldrafélagið um panta jólasveina og kaupa gjöf frá jólasveininum til barnanna. Í desember bauð foreldrafélagið upp á leiksýningu fyrir börnin. Annað árið í röð fóru elstu börnin í útskriftarferð í Vatnaskóg og greiddi foreldrafélagið þá ferð niður. Þegar börnin útskrifuðust úr leikskólanum þá fengu þau sundpoka með nafninu sínu á að gjöf frá foreldrafélagini. Eins og áður hefur komið fram þá héldum



við sameiginlega sumarhátíð með Hólaborg og Suðurborg.

Foreldrafélag Hraunborgar lagði sitt fram til að þetta gæti orðið að veruleika, það var boðið upp á lúðrasveit og Sirkus Íslands.

Nýjum foreldrum var kynnt starfsemi foreldrafélagsins á aðlögunartíma barnsins. Foreldrar nýrra barna voru boðaðir á kynningarfund í maí og júní þar sem leikskólinn var kynntur.

Foreldraviðtöl voru í september fyrir foreldra þeirra barna sem voru að flytjast á milli deilda og svo í nóvember fyrir foreldra nýju barnanna. Þessi viðtöl tókust mjög vel. Í mars voru svo viðtöl fyrir alla og tókust þau viðtöl líka mjög vel. Flestir foreldrar nýttu sér viðtölín og voru flestir ánægðir með starfið og þær framfarir sem



börnin sýndu.

Foreldraráð var starfandi við leikskólann en þeirra aðalhlutverk þetta starfsárið var að lesa yfir starfsáætlunina.





11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

20. september – allur dagurinn

22. nóvember – allur dagurinn

2. janúar – allur dagurinn

6. febrúar – allur dagurinn

9. maí – allur dagurinn

13. júní – allur dagurinn

Sameiginlegir skipulagsdagar með Hólabrekkuskóla verða 20. september, 2. janúar og 9. maí.

12 Fylgiskjöl





12.1 Leikskóladagatal 2024 - 2025

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Hraunborg

AGÚST	SEPTMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAI		JUNI	
	1 S	1 b	1 b	Bætur manður	1 F	1 S	Fjárhúsagánum	1 M	Nýrðagur	1 L	1 L	Bætur manður	1 b	1 L	Værsludagarnir	1 F	1 S	Siðmennadagarnir		
1 F	2 M	2 M	2 M	2 L	2 L	2 M	Varmálfari	2 F	Nýrðagur	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M		
2 F	3 P	3 P	3 P	3 S	3 P	3 P		3 F		3 M	3 M	3 M	3 F	3 F		3 L	3 L	3 P		
3 L	4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 M	Fremðarhófi á Prentisári	4 M	Kráðið	4 L	4 P	4 P	4 F	Línurðagur	4 S	4 S	4 S	4 M		
4 S	5 F	5 L	5 P	5 P	5 F	5 F		5 F	Móðuköður	5 M	5 M	5 M	5 M	Lestríðsdeild	5 M	5 M	5 M	5 F	5 M	
5 M	6 F	6 S	6 M	6 M	6 F	6 F	Jólpipesdagarnirðubur dagur	6 M	Ivredanum	6 F	6 F	6 F	6 F	Stórasíðu	6 S	6 S	6 F	6 F	6 F	
6 P	7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 L		7 b	Dagur löndaráðarsárs	7 F	7 F	7 F	7 M		7 M	7 M	7 L			
7 M	8 F	8 S	8 b	8 b	8 F	8 F	Bætur með gróðu	8 S	Lestríðsdeild	8 L	8 L	8 L	8 L	Bætur með gróðu	8 F	8 F	8 S	8 S		
8 F	9 F	9 M	9 M	9 M	9 L	9 L		9 M	9 F	9 S	9 S	9 S	9 S		9 M	9 M	9 F	9 M	9 M	
9 F	10 L	10 P	10 F	10 S	10 P	10 P		10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	Fremðarhófi á Ísmálus	10 F	10 F	10 L	10 L	10 P	
10 L	11 S	11 M	11 F	11 F	11 M	11 M		11 M	11 L	11 L	11 L	11 L	11 L	Dagur löndaráðarsárs	11 F	11 F	11 S	11 M		
11 S	12 M	12 F	12 L	12 L	12 P	12 P	Iðnaðargang 40 v/e	12 F	12 S	12 M	12 M	12 M	12 M		12 L	12 M	12 F	12 M	12 F	
12 M	13 P	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M		13 F	13 F	13 M	13 M	13 M	13 F	Pjarnaður	13 P	13 P	13 F	13 F	13 F	
13 P	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 L		14 F	14 P	14 F	14 F	14 F	14 F	Dagur staðmálmor	14 M	14 M	14 L	14 L		
14 M	15 S	15 P	15 F	15 S	15 P	15 F		15 S	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M		15 P	15 P	15 F	15 F	15 S	
15 F	16 F	16 M	16 M	16 M	16 M	16 M		16 M	16 F	16 S	16 S	16 S	16 S		16 M	16 M	16 F	16 F	16 M	
16 F	17 L	17 P	17 F	17 S	17 P	17 S		17 F	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	Hverfisdagur á Íslendingar	17 F	17 F	17 P	17 P	17 F	
17 L	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 M		18 M	18 L	18 L	18 L	18 L	18 L		18 P	18 P	18 M	18 M		
18 S	19 M	19 F	19 L	19 L	19 P	19 P		19 F	19 S	19 S	19 S	19 S	19 S		19 M	19 M	19 F	19 M	19 F	
19 M	20 P	20 F	20 S	20 S	20 F	20 F		20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	Aðalþóðugur	20 F	20 F	20 P	20 P	20 F	
20 P	21 L	21 M	21 F	21 L	21 F	21 F		21 L	21 P	21 F	21 F	21 F	21 F	Konudagur	21 F	21 F	21 L	21 M		
21 L	22 S	22 P	22 F	22 S	22 F	22 F		22 S	22 M	22 M	22 L	22 L	22 L		22 P	22 P	22 F	22 S		
22 F	23 F	23 M	23 F	23 M	23 M	23 M		23 M	23 M	23 F	23 S	23 S	23 S		23 M	23 M	23 F	23 M		
23 F	24 L	24 P	24 F	24 F	24 S	24 S		24 F	24 P	24 F	24 F	24 F	24 F		24 M	24 M	24 F	24 M	24 P	
24 L	25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 M		25 M	25 M	25 M	25 P	25 P	25 P		25 F	25 F	25 S	25 M		
25 S	26 M	26 F	26 F	26 F	26 F	26 F		26 F	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M		26 L	26 L	26 M	26 F		
26 M	27 P	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M		27 M	27 F	27 F	27 F	27 F	27 F		27 P	27 P	27 F	27 F		
27 P	28 M	28 L	28 L	28 M	28 M	28 M		28 M	28 P	28 F	28 F	28 F	28 F		28 M	28 M	28 M	28 L		
28 M	29 F	29 S	29 P	29 F	29 S	29 M		29 M	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L		29 P	29 P	29 S	29 S		
29 F	30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 F	30 M	30 M	30 S	30 M	30 M		30 F	30 F	30 M	30 M		
30 F	31 L	31 F	31 F	31 F	31 P	31 F		31 F	31 P	31 F	31 M	31 M	31 M		31 L	31 L	31 L	31 L		

Í reglum um leikskólabíþóstu segir:

Leikskólar eru lokðair sex daga á ári vegna skipulagdaða, þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfssáðar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmisst hálfir dagar Leikskólagibld ækkja ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmártíku tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákvæður við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða í hvertu virku daga. Stefnar skóla- og fristundasvið er að í hverju hverfi leittist skólastjórnendur leik- og grunns



Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

12.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur áherslur í starfsáætlun skólans samræmast starfi leikskólans. Starfsfólk leggur sig fram við að fara eftir áætlun, nota þau tæki og tól sem þeim hefur verið kennt og úthlutað.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, hún er auðlesanleg og mjög auðvelt að finna hana við léttu leit á netinu.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún gefur glögga mynd til hvers ætlað er af nemendum og starfsfólk.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar athugasemdir við áætlunina sjálfa, þar sem hún er skýr og greinileg, með góðum, skemmtilegum og raunhæfum markmiðum.

En það er eitt og annað sem má bæta í starfi og viljum við nefna nokkur atriði sem við myndum vilja sjá að yrði gert betur.

Þegar starfsmaður hættir á leikskólanum er ábótavant að tilkynna það til foreldra hvort sem það er með vikupósti deildarstjóra, upplýsingapósti leikskólastjóra eða tilkynning á facebook/ völu.

Einnig þegar nýir starfsmenn byrja þá stundum fá foreldrar tilkynningu frá leikskólastjóra um að XXX hafi hafi störf á YYYdeild eða öðru sérhæfðu starfi en það eru engar upplýsingar um manneskjuna annað en nafnið, viðkomandi kynnir sig ekki þegar foreldrar koma með börnin á leikskólann eða sækja og þar af leiðandi er svolítið erfitt að vita hver er hvað. Einnig er ábótavant með upplýsingar um hverjir eru að vinna á hverri deild fyrir sig ef mikið er um mannabreytingar. Við tvær sem sitjum nú og skrifum þessa skýrslu höfðum t.d ekki hugmynd um að mikið hefði verið um manneklu á Þrastalandi í vetur og vitum í raun ekki hvaða starfsfólk er að sinna börnum þar. Það mættu vera myndir með þegar tilkynning kemur um nýtt starfsfólk. Einnig er sumarstarfsfólk komið til starfa og enginn veit hver er hvað eða hreinlega hvort þetta sé foreldri að sækja barnið sitt samtímis eða starfsmaður á leikskólanum. Hægt er að nýta files undir facebook til að vera með starfsmannalista, nýta plöggin sem eru fyrir framan hverja deild og hafa myndir og nafn starfsfólks þar, en þá fá foreldrar á öðrum deildum ekki upplýsingar um það starfsfólk nema að eiga börn á öllum deildum. Hægt að senda tölvupóst "XX er komin til starfa og verður með okkur í sumar" eða álíka. Hægt að hafa skóladagatal undir files á facebook sem og senda það til foreldra í tölvupósti.

Svo er það þessi elska Vala okkar allra, okkur finnst það hreint út sagt lélegt. Ekki hægt að skoða myndir nema í síma og það tekur heila eilífð. Til er t.d. Kerfi sem heitir Sway þar sem hægt er að skrifa





vikupósta, setja myndir og teljum við að það sé bara mikið þægilegra kerfi bæði fyrir starfsmenn og foreldra. Okkur finnst vala alveg rosalega leiðinlegt forrit, myndaalbúmin koma ekki í tímaröð ofl.

Við erum mjög ánægðar með að starfsdagar séu teknir í heilum dögum en ekki hálfum dögum. Einnig að horft er til Hólabrekkuskóla með hluta af starfsdögunum þar sem mikið af leikskólabörnunum eiga eldri systkini í skólanum og foreldrar geta þá bara tekið 1 frídag í stað 2 í sömu vikunni. Sumarhátíðin var haldin sameiginleg í ár með leikskólunum Hólaborg og Suðurborg. Okkur finnst mikið skemmtilegra þegar hún er bara "heima" hjá okkur í litla garðinum. Hún verður persónulegri og fólk nýtir sín betur. Auðveldara að kynnast öðrum foreldrum þegar þetta er minna í sniðinu.

Deildarskiptingin kom mjög vel út, okkur finnst börnin nýta sín betur þegar þau eru nær hvort öðru í aldri. Einnig auðveldara að hafa sambærileg verkefni í gangi fyrir alla deildina.

Stundum mætti vera meira flæði á milli deilda, leyfa börnunum að fljóta á milli deilda og útiveru, svolítið að ráða sér sjálf. Kynnast öðrum börnum sem og starfsfólk annara deilda meira með þessu.

Okkur finnst foreldrafundur að hausti töluvert snemma, skólastarfið oft ekki almennilega byrjað þegar fundurinn er og því ekki komin nægileg reynsla oft á tíðum, mætti kannski færa þennan fund til lok október byrjun nóvember.

Hér á árum áður þegar börn voru að byrja á leikskólanum í fyrsta skipti þá var foreldrafundur með öllum foreldrum sem voru að byrja á Þrástalandi það árið, fundurinn var að vori og var þar farið alveg yfir starfið, áætlun, starfsfólk kynnt ofl. Þykir okkur þetta mjög sniðugur fundur fyrir foreldra nýrra barna. Þar eru oft bæði börnin og foreldrar að stíga sín fyrstu skref í leikskólamálum og er þetta góður fundur fyrir komandi tíma. Í sumum leikskólum er einnig foreldrafundur þegar flytja á börn á milli deilda, þá er fundur þar sem deildarstjóri kynnir starfið á deildinni sem farið er á. Það er eitthvað sem mætti skoða að gera.

Heildina litið erum við ánægðar með starfið, leikskólann og viðmótt starfsfólks, tekið er vel í ábendingar. Við erum spenntar fyrir komandi vetri og börnunum líður almennt vel í leikskólanum.

Fulltrúar í foreldraráði:

Inga Björg Kjartansdóttir
Rósa Jóna Magnúsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Inga Björg Kjartansdóttir

F. h. leikskólans

Sigrún Þóreyðal Þóreyðal
Leikskólastjóri

21/6 '24
Dagsetning



